

2010:10 • 21. júlí 2010

Vinnumarkaður á 2. ársfjórðungi 2010

Labour market statistics, 2nd quarter 2010

Samantekt

Á öðrum ársfjórðungi 2010 voru 185.700 manns á vinnumarkaði. Af þeim voru 169.500 starfandi en 16.200 án vinnu og í atvinnuleit. Atvinnubáttaka mældist 83,3% en atvinnuleysi var 8,7%. Atvinnulausum fækkaði um 500 frá öðrum ársfjórðungi 2009 og starfandi fjöldaði um 2.000. Atvinnuleysi var 9,8% á höfuðborgarsvæðinu en 6,8% utan þess. Meðalfjöldi vinnustunda var 40,2 klukkustundir hjá þeim sem voru við vinnu í viðmiðunarvikunni, 44,6 klukkustundir hjá þeim sem voru í fullu starfi en 24,6 klukkustundir hjá þeim sem voru í hlutastarfi. Peir sem hafa verið atvinnulausir en hafa þegar fengið vinnu sem hefst síðar fjöldaði um 1.300, úr 1.500 á öðrum ársfjórðungi 2009 í 2.800 á öðrum ársfjórðungi 2010. Hins vegar langtímaatvinnulausum fjölað um 2.300 manns, úr 400, eða 2,5% atvinnulausra, í 2.700 manns, eða 16,9% atvinnulausra.

Inngangur

Alþjóðlegir staðlar og skilgreiningar

Frá og með ársbyrjun 2003 hefur Hagstofan framkvæmt samfellda vinnumarkaðsrannsókn sem gefur niðurstöður fyrir hvern ársfjórðung. Rannsóknin er hluti af vinnumarkaðsrannsókn hagstofu Evrópusambandsins, *Eurostat*, og byggist hún á alþjóðlegum stöðlum og skilgreiningum. Niðurstöður eru því samanburðarhæfar við vinnumarkaðsrannsóknir í öðrum löndum EES og víðar.

Framkvæmd

Annar ársfjórðungur 2010 nær til 13 vikna, frá 5. apríl 2010 til 4. júlí 2010. Heildarúrtakið var 3.861 manns á aldrinum 16–74 ára sem valdir voru af handahófi úr þjóðskrá. Þegar frá eru taldir þeir sem voru látnir eða búsettir erlendis reyndist nettóúrtakið 3.778 einstaklingar. Alls fengust nothæf svör frá 3.097 einstaklingi sem jafngildir 82% endanlegrí svörun. Allar tölur hafa verið vegnar eftir kyni og aldry. Öryggisbil niðurstaðna um atvinnubáttöku eru $\pm 1,2\%$, atvinnuleysi $\pm 1,1\%$ og vinnutíma $\pm 0,7$ klukkustundir.




Vinnuafli

Atvinnuþátttaka 83,3%

Á öðrum ársfjórðungi 2010 voru 185.700 á vinnumarkaði sem jafngildir 83,3% atvinnuþátttöku. Atvinnuþátttaka karla var 86,9% en kvenna 79,5%. Á öðrum ársfjórðungi 2009 voru 184.200 á vinnumarkaði og atvinnuþátttaka mældist 81,9%. Atvinnuþátttaka karla var þá 86,3% og kvenna 77,2%. Fólk á vinnumarkaði hefur því fjölgæð um 1.500 manns og jókst hlutfallið um 1,4 prósentustig á tímabilinu. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuþátttaka 83,6% en 82,7% utan þess.


Mynd 1. Atvinnuþátttaka eftir kyni og ársfjórðungi 2006–2010

Figure 1. Activity rates by sex and quarters 2006–2010



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) atvinnuþátttaka 2. ársfjórðungi 2010: Alls $\pm 1,3$; karlar $\pm 1,5$; konur $\pm 1,8$. CI (95%) 2nd quarter 2010: Activity rate: Total ± 0.31 ; males ± 1.5 ; females ± 1.8 .

Frá upphafi vinnumarkaðsrannsóknna hefur atvinnuþátttaka alltaf verið mest í aldurshópnum 25–54 ára eða í kringum 90%. Í öðrum ársfjórðungi 2010 var hún 89,8% og var 89% á öðrum ársfjórðungi 2009. Atvinnuþátttaka þeirra sem eru 55–74 ára er lítillega sveiflukenndari og var 66,4% í öðrum ársfjórðungi 2010. Mestar sveiflur eru hjá aldurshópnum 16–24 ára, en það er fámennasti hópurinn og má segja að hann hafi minnsta viðloðun við vinnumarkaðinn. Þátttaka þessa hóps er alltaf mest í öðrum og þriðja ársfjórðungi hvers árs vegna þess að þá koma námsmenn inn á vinnumarkaðinn í sumarstörf. Í öðrum ársfjórðungi 2010 var þátttaka þessa hóps 84,8% en var til að mynda 66,8% í fyrsta ársfjórðungi 2010.

Mynd 2. Atvinnuþátttaka eftir aldri og ársfjórðungi 2006–2010*Figure 2. Activity rates by age and quarters 2006–2010*

Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) atvinnuþátttaka 2. ársfjórðungur 2010: 16–24 ára ±2,9; 25–54 ára ±1,4; 55–74 ára ±2,7. CI (95%) 2nd quarter 2010: Activity rate: 16–24 years ±2.9; 25–54 years ±1.4; 55–74 years ±2.7.

Skilgreining atvinnuþátttöku

Á vinnumarkaði eða til vinnumaflsins teljast bæði þeir sem eru starfandi og atvinnulausir. Atvinnuþátttaka er hlutfall starfandi og atvinnulausra (vinnuafli) af mannfjölda.

Starfandi fólk


Starfandi konum fjölgar en karlar standa í stað

Fjöldi starfandi á öðrum ársfjórðungi 2010 var 169.500 manns og hlutfall starfandi af mannfjölda var 76%. Hlutfall starfandi karla var 78,8% en starfandi kvenna 73,2%. Frá öðrum ársfjórðungi 2009 til fyrsta ársfjórðungs 2010 fjölgæði starfandi fólk um rúmlega 2.000 og liggur sú fjölgun öll hjá konum og jökst einnig hlutfall starfandi kvenna um 1,5 prósentusig. Fjöldi karla stóð hins vegar í stað en hlutfall þeirra jökst þó um 1,6 prósentustig. Hlutfall starfandi fólks á höfuðborgarsvæðinu var 75,4% en utan höfuðborgarsvæðisins var það 77,1%. Fjöldi starfandi á öðrum ársfjórðungi 2009 var 167.500 og var hlutfall starfandi 74,5%. Hlutfall starfandi karla var þá 77,1% en starfandi kvenna var 71,7%. Á öðrum ársfjórðungi 2009 var hlutfall starfandi fólks á höfuðborgarsvæðinu 73,5% en utan þess 76,2%.


Af starfandi fólk á öðrum ársfjórðungi 2010 voru 130.900 í fullu starfi, eða 77,2% og 38.600 í hlutastarfi eða 22,8%. Starfandi í fullu starfi fjölgæði um 1.200 frá öðrum ársfjórðungi 2009 og fólk í hlutastörfum fjölgæði um 900 manns. Karlar í fullu starfi voru 87,7% á öðrum ársfjórðungi 2010 og konur 65,8%.

Skilgreining á starfandi


Fólk telst vera starfandi ef það hefur unnið eina klukkustund eða lengur í viðmiðunarviku könnunar eða verið fjarverandi frá starfi sem það gegnir að öllu jöfnu.

Mynd 3. Starfandi eftir ársfjórðungi 2005–2010*Figure 3. Employed by quarters 2005–2010*

Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2. ársfjórðungur 2010: Hlutfall starfandi ± 1.5 . CI (95%) 2nd quarter 2010: Employment rate ± 1.5 .

Mynd 4. Starfandi í fullu starfi eftir ársfjórðungi 2005–2010*Figure 4. Employed full time by quarters 2005–2010*

Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2. ársfjórðungur 2010: Hlutfall í fullu starfi ± 1.6 . CI (95%) 2nd quarter 2010: Employment rate – full time ± 1.6 .

Mynd 5. Starfandi í hlutastarfi eftir ársfjórðungi 2005–2010*Figure 5. Employed part time by quarters 2005–2010*


Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2. ársfjórðungur 2010: Hlutfall í hlutastarfi $\pm 1,6$. CI (95%) 2nd quarter 2010: Employment rate in part time ± 1.6 .

Atvinnuleysi

16.200 manns að meðaltali
ánn atvinnu og í atvinnuleit


Á öðrum ársfjórðungi 2010 voru að meðaltali 16.200 manns án vinnu og í atvinnuleit eða 8,7% vinnuafslsins. Atvinnuleysi mældist 9,4% hjá körlum og 8% hjá konum. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu var 9,8% en 6,8% utan þess. Þegar litið er til aldurs var atvinnuleysi mest meðal fólks á aldrinum 16–24 ára eða 21,3%. Eins og sjá má á mynd 7 er atvinnuleysi alltaf mest á meðal þess aldurshóps og er sérstaklega áberandi í öðrum ársfjórðungi. Frá öðrum ársfjórðungi 2009 til annars ársfjórðungs 2010 fækkaði atvinnulausum um 500 manns.

Á öðrum ársfjórðungi 2009 voru að meðaltali 16.700 atvinnulausir og mældist atvinnuleysi 9,1%. Atvinnuleysi mældist þá 10,7% hjá körlum og 7,2% hjá konum. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysi þá 10,1% og utan höfuðborgarsvæðisins var það 7,3%. Atvinnuleysi var mest meðal 16–24 ára eða 21,9%.

Mynd 6. Atvinnuleysi eftir ársfjórðungi 2005–2010*Figure 6. Unemployed by quarters 2005–2010*

Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2. ársfjórðungur 2010: Atvinnuleysi $\pm 1,1$. CI (95%) 2nd quarter 2010: Unemployment rate ± 1.1 .

Mynd 7. Atvinnuleysi eftir aldri og ársfjórðungi 2006–2010
Figure 7. Unemployment rate by age-groups and quarters 2006–2010



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), atvinnuleysi 2. ársfjórðungur 2010: 16–24 ára $\pm 3,5$; 25–54 ára $\pm 1,2$; 55–74 ára $\pm 1,7$. CI (95%) 2nd quarter 2010: Activity rate: 16–24 years $\pm 1,2$; 25–54 years $\pm 1,2$; 55–74 years $\pm 1,7$.

Skilgreining á atvinnuleysi

Atvinnulausir teljast þeir sem voru án atvinnu í viðmiðunarviku könnunarinnar, þ.e. höfðu hvorki atvinnu né voru í vinnu (í eina klukkustund eða lengur) sem launþegar eða sjálfstætt starfandi, eru að leita að vinnu og geta hafið störf innan tveggja vikna eða hafa fengið starf sem hefst innan 3 mánaða. Einstaklingar sem eru ekki í vinnu en eru í námi flokkast atvinnulausir ef þeir uppfylla skilyrðin hér að ofan.

Lengd atvinnuleitar

*Um 2.700
langtímaatvinnulausir*

Af þeim sem voru atvinnulausir á öðrum ársfjórðungi 2010 höfðu 2.800 fengið vinnu sem átti að hefjast síðar, eða 17,4%. Til samanburðar höfðu 1.500 manns fengið vinnu, eða 9,3%, á öðrum ársfjórðungi 2009.

Þeir sem hafa verið atvinnulausir í 12 mánuði eða lengur eru skilgreindir sem langtímaatvinnulausir. Á öðrum ársfjórðungi 2010 höfðu um 2.700 manns verið atvinnulausir svo lengi, eða 16,9% atvinnulausra, en voru á sama tímabili 2009 um 400 manns, eða 2,5%.

Tafla 1. Atvinnulausir eftir lengd atvinnuleitar á 2. ársfjórðungi
Table 1. Unemployed by duration of search for employment in 2nd quarter

| | 2007 | | 2008 | | 2009 | | 2010 | |
|---|------------------|--------|------------------|-------|------------------|-------|------------------|-------|
| | Fjöldi Number | % | Fjöldi Number | % | Fjöldi Number | % | Fjöldi Number | % |
| Atvinnulausir <i>Unemployed</i> | 5.800 | 100,0 | 5.700 | 100,0 | 16.600 | 100,0 | 16.200 | 100,0 |
| Með vinnu sem hefst síðar <i>Found job, starts later</i> | 1.900 | 33,1 | 1.700 | 29,6 | 1.500 | 9,3 | 2.800 | 17,4 |
| Innan við einn mánuður <i>Less than a month</i> | 1.900 | 32,3 | 2.100 | 36,9 | 3.300 | 19,9 | 2.600 | 16,2 |
| 1–2 mánuðir <i>1–2 months</i> | 900 * | 15,4 * | 1.300 | 22,8 | 4.200 | 25,1 | 2.900 | 18,2 |
| 3–5 mánuðir <i>3–5 months</i> | 500 * | 9,3 * | 300 * | 4,9 * | 4.700 | 28,3 | 2.300 | 14,1 |
| 6–11 mánuðir <i>6–11 months</i> | 100 * | 2,3 * | 100 * | 2,3 * | 2.500 | 14,9 | 2.800 | 17,2 |
| 12 mánuðir eða lengur <i>12 months or more</i> | 400 * | 7,6 * | 200 * | 3,5 * | 400 * | 2,5 * | 2.700 | 16,9 |

Skýringar Notes: Hlutföll eru reiknuð af fjöldatölum áður en þær eru nánumdaðar að næsta hundraði. Percentage distribution is calculated before total figures are rounded to the closest hundred.

* Frávikshlutfall yfir 20%. Relative standard error over 20%.


Vinnutími

Vinnutími 40,2 klukkustundir á viku

Á öðrum ársfjórðungi 2010 var meðalfjöldi vinnustunda 40,2 klukkustundir hjá þeim sem voru við vinnu í viðmiðunarvikunni, 44,3 klukkustundir hjá körlum en 35,5 hjá konum. Meðalfjöldi vinnustunda hjá þeim sem voru í fullu starfi var 44,6 klukkustundir, 46,9 klukkustundir hjá körlum en 41 klukkustund hjá konum. Meðalfjöldi vinnustunda hjá þeim sem voru í hlutastarfi voru 24,6 klukkustundir, 25 klukkustundir hjá körlum en 24,4 klukkustundir hjá konum.

Mynd 8. Vinnustundir á viku 2005–2010

Figure 8. Hours of work per week 2005–2010



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) vinnustundir 2. ársfjórðungur 2010: Heildarvinnutími $\pm 0,7$; karlar ± 1 ; konur $\pm 0,9$. CI (95%) Hours of work: 2nd quarter 2010: Total $\pm 0,7$, males ± 1 ; females $\pm 0,9$.

Á öðrum ársfjórðungi 2009 var fjöldi vinnustunda um 40 klukkustundir, 43,9 hjá körlum en 35,4 hjá konum. Þeir sem voru í fullu starfi unnu 44,5 klukkustundir að jafnaði en þeir sem voru í hlutastarfi unnu að jafnaði 23,9 klukkustundir.

English Summary

The number of persons in the labour force in the second quarter of 2010 was 185,700 which corresponds to an activity rate of 83.3%. The number of employed persons was 169,500 and unemployed persons were 16,200. The unemployment rate was 8.7%. The number of unemployed persons decreased by 500 from the second quarter of 2009 and the number of employed persons increased by 2,000. The unemployment rate in the capital region is 9.8% and 6.8% in other regions. The average number of working hours of those who were working in the reference week was 40.2 hours, 44.6 hours for those in full-time employment and 24.6 hours for those in part-time employment. The number of unemployed persons who have found a job that starts later has increased by 1,300 from the second quarter of 2009, from 1,500 to 2,800. On the other hand has long term unemployment increased by 2,300 persons, from 400 or 2.5% in second quarter of 2009 to 2,700 or 16.9% in the second quarter of 2010.

Since 2003 Statistics Iceland has conducted a continuous labour force survey with quarterly results. The second quarter of 2010 covers 13 weeks, from 5th of April to 4th of July. The total sample size was 3,861 persons aged 16–74 years old selected randomly from the National registry. When those who had passed away or those who were living abroad had been deducted from the sample the net sample was 3,778 persons. In total the number of usable answers was 3,097 which corresponds to 82% response rate. All figures have been weighted by sex and age groups. The confidence interval (95%) of the results on activity rate is $\pm 1.2\%$, unemployment rate is $\pm 1.1\%$ and working hours is ± 0.7 hours.

Tafla 2. Atvinnuþáttaka, atvinnuleysi og fjöldi starfandi á 2. ársfjórðungi

Table 2. Employment and unemployment in 2nd quarter

| | 2. ársfjórðungur 2nd quarter | | | | Öryggisbil CI 2010 |
|--|------------------------------|---------|---------|---------|-----------------------|
| | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | |
| Alls Total | | | | | |
| Atvinnuþáttaka, % Activity rate | 85,0 | 84,0 | 81,9 | 83,3 | 1,2 |
| Hlutfall starfandi Employment rate | 82,4 | 81,4 | 74,5 | 76,0 | 1,4 |
| Atvinnuleysi, % Unemployment rate | 3,2 | 3,1 | 9,1 | 8,7 | 1,1 |
| Vinnuáfl, áætlaður fjöldi Labour force, est. number | 184.800 | 187.200 | 184.200 | 185.700 | 2.600 |
| Starfandi Employed | 179.000 | 181.500 | 167.500 | 169.500 | 3.100 |
| Atvinnulausir Unemployed | 5.800 | 5.700 | 16.700 | 16.200 | 2.000 |
| Í fullu starfi, áætlaður fjöldi Employed full-time, est. number | 141.500 | 146.000 | 129.700 | 130.900 | 2.700 |
| Í hlutastarfi, áætlaður fjöldi Employed part time, est. number | 37.500 | 35.500 | 37.700 | 38.600 | 2.700 |
| Heildarvinnutími, klst. Average hours of work | 42,1 | 42,7 | 40,0 | 40,2 | 0,7 |
| Vinnutími í fullu starfi, klst. Full-time hours of work | 46,6 | 47,0 | 44,5 | 44,6 | 0,7 |
| Vinnutími í hlutastarfi, klst. Part-time hours of work | 24,5 | 24,0 | 23,9 | 24,6 | 1,1 |
| Utan vinnumarkaðar, áætl. fjöldi Not in labour force, est. number | 32.500 | 35.600 | 40.700 | 37.300 | 2.600 |
| Mannfjöldi 16–74 ára, áætl. fjöldi Population 16–74 years, est. number | 217.300 | 222.800 | 224.900 | 223.000 | • |
| Karlar Males | | | | | |
| Atvinnuþáttaka, % Activity rate | 89,1 | 89,2 | 86,3 | 86,9 | 1,5 |
| Hlutfall starfandi Employment rate | 86,1 | 86,4 | 77,1 | 78,8 | 1,9 |
| Atvinnuleysi, % Unemployment rate | 3,4 | 3,2 | 10,7 | 9,4 | 1,5 |
| Vinnuáfl, áætlaður fjöldi Labour force, est. number | 100.300 | 103.100 | 99.200 | 97.800 | 1.700 |
| Starfandi Employed | 96.900 | 99.800 | 88.600 | 88.600 | 2.100 |
| Atvinnulausir Unemployed | 3.400 | 3.300 | 10.600 | 9.200 | 1.500 |
| Í fullu starfi, áætlaður fjöldi Employed full-time, est. number | 88.900 | 91.100 | 77.900 | 77.700 | 1.600 |
| Í hlutastarfi, áætlaður fjöldi Employed part time, est. number | 8.000 | 8.700 | 10.700 | 10.900 | 1.600 |
| Heildarvinnutími, klst. Average hours of work | 47,4 | 47,4 | 43,9 | 44,3 | 1,0 |
| Vinnutími í fullu starfi, klst. Full-time hours of work | 49,4 | 49,8 | 46,6 | 46,9 | 1,0 |
| Vinnutími í hlutastarfi, klst. Part-time hours of work | 24,3 | 22,1 | 23,3 | 25,0 | 2,2 |
| Utan vinnumarkaðar, áætl. fjöldi Not in labour force, est. number | 12.200 | 12.500 | 15.700 | 14.700 | 1.700 |
| Mannfjöldi 16–74 ára, áætl. fjöldi Population 16–74 years, est. number | 112.600 | 115.600 | 114.800 | 112.500 | • |
| Konur Females | | | | | |
| Atvinnuþáttaka, % Activity rate | 80,7 | 78,4 | 77,2 | 79,5 | 1,8 |
| Hlutfall starfandi Employment rate | 78,4 | 76,1 | 71,7 | 73,2 | 2,0 |
| Atvinnuleysi, % Unemployment rate | 2,8 | 2,9 | 7,2 | 8,0 | 1,5 |
| Vinnuáfl, áætlaður fjöldi Labour force, est. number | 84.500 | 84.100 | 85.000 | 87.900 | 2.000 |
| Starfandi Employed | 82.100 | 81.700 | 78.900 | 80.900 | 2.300 |
| Atvinnulausir Unemployed | 2.400 | 2.400 | 6.100 | 7.000 | 1.300 |
| Í fullu starfi, áætlaður fjöldi Employed full-time, est. number | 52.600 | 54.900 | 51.900 | 53.200 | 2.200 |
| Í hlutastarfi, áætlaður fjöldi Employed part time, est. number | 29.500 | 26.800 | 27.000 | 27.700 | 2.200 |
| Heildarvinnutími, klst. Average hours of work | 35,7 | 36,6 | 35,4 | 35,5 | 0,9 |
| Vinnutími í fullu starfi, klst. Full-time hours of work | 41,7 | 42,2 | 41,1 | 41,0 | 0,9 |
| Vinnutími í hlutastarfi, klst. Part-time hours of work | 24,6 | 24,7 | 24,1 | 24,4 | 1,2 |
| Utan vinnumarkaðar, áætl. fjöldi Not in labour force, est. number | 20.300 | 23.100 | 25.000 | 22.600 | 2.000 |
| Mannfjöldi 16–74 ára, áætl. fjöldi Population 16–74 years, est. number | 104.700 | 107.300 | 110.000 | 110.500 | • |
| Höfuðborgarsvæði Capital region | | | | | |
| Atvinnuþáttaka, % Activity rate | 85,9 | 83,7 | 81,8 | 83,6 | 1,5 |
| Hlutfall starfandi Employment rate | 83,1 | 81,3 | 73,5 | 75,4 | 1,8 |
| Atvinnuleysi, % Unemployment rate | 3,3 | 2,9 | 10,1 | 9,8 | 1,4 |
| Vinnuáfl, áætl. fjöldi Labour force, est. number | 122.600 | 121.400 | 118.700 | 120.700 | 2.200 |
| Starfandi Employed | 118.500 | 118.000 | 106.800 | 109.000 | 2.600 |
| Atvinnulausir Unemployed | 4.000 | 3.500 | 11.900 | 11.800 | 1.700 |
| Í fullu starfi, áætl. fjöldi Employed full-time, est. number | 95.600 | 95.500 | 82.700 | 83.900 | 2.200 |

Tafla 2. Atvinnuþáttaka, atvinnuleysi og fjöldi starfandi á 2. ársfjórðungi (frh.)

Table 2. Employment and unemployment in 2nd quarter (cont.)

| | 2. ársfjórðungur 2nd quarter | | | | Öryggisbil CI 2010 |
|---|------------------------------|---------|---------|---------|-----------------------|
| | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | |
| Í hlutastarfi, áætl. fjöldi <i>Employed part time, est. number</i> | 22.900 | 22.500 | 24.100 | 25.100 | 2.200 |
| Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i> | 41,0 | 41,7 | 38,7 | 38,9 | 0,7 |
| Vinnutími í fullu starfi, klst. <i>Full-time hours of work</i> | 44,8 | 45,6 | 42,9 | 43,0 | 0,7 |
| Vinnutími í hlutastarfi, klst. <i>Part-time hours of work</i> | 24,2 | 23,9 | 23,7 | 24,4 | 1,3 |
| Utan vinnumarkaðar, áætl. fjöldi <i>Not in labour force, est. number</i> | 20.000 | 23.700 | 26.500 | 23.700 | 2.200 |
| Mannfjöldi 16–74 ára, áætl. fjöldi <i>Population 16–74 years, est. number</i> | 142.600 | 145.100 | 145.200 | 144.400 | • |
| Utan höfuðborgarsvæðis Other regions | | | | | |
| Atvinnuþáttaka, % <i>Activity rate</i> | 83,3 | 84,7 | 82,1 | 82,7 | 2,1 |
| Hlutfall starfandi <i>Employment rate</i> | 80,9 | 81,8 | 76,2 | 77,1 | 2,4 |
| Atvinnuleysi, % <i>Unemployment rate</i> | 2,9 | 3,4 | 7,3 | 6,8 | 1,6 |
| Vinnufl, áætl. fjöldi <i>Labour force, est. number</i> | 62.300 | 65.800 | 65.500 | 64.900 | 1.700 |
| Starfandi <i>Employed</i> | 60.500 | 63.500 | 60.700 | 60.500 | 1.900 |
| Atvinnulausir <i>Unemployed</i> | 1.800 | 2.300 | 4.800 | 4.400 | 1.000 |
| Í fullu starfi, áætl. fjöldi <i>Employed full-time, est. number</i> | 46.000 | 50.500 | 47.100 | 47.000 | 1.700 |
| Í hlutastarfi, áætl. fjöldi <i>Employed part time, est. number</i> | 14.500 | 13.000 | 13.600 | 13.500 | 1.700 |
| Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i> | 44,4 | 44,5 | 42,2 | 42,6 | 1,4 |
| Vinnutími í fullu starfi, klst. <i>Full-time hours of work</i> | 50,4 | 49,8 | 47,3 | 47,5 | 1,4 |
| Vinnutími í hlutastarfi, klst. <i>Part-time hours of work</i> | 25,1 | 24,3 | 24,3 | 25,0 | 2,0 |
| Utan vinnumarkaðar, áætl. fjöldi <i>Not in labour force, est. number</i> | 12.500 | 11.900 | 14.200 | 13.600 | 1.700 |
| Mannfjöldi 16–74 ára, áætl. fjöldi <i>Population 16–74 years, est. number</i> | 74.700 | 77.700 | 79.700 | 78.500 | • |
| 16–24 ára years | | | | | |
| Atvinnuþáttaka, % <i>Activity rate</i> | 86,3 | 84,8 | 82,1 | 84,8 | 2,9 |
| Hlutfall starfandi <i>Employment rate</i> | 77,5 | 75,6 | 64,1 | 66,7 | 3,7 |
| Atvinnuleysi, % <i>Unemployment rate</i> | 10,2 | 10,8 | 21,9 | 21,3 | 3,5 |
| Vinnufl, áætl. fjöldi <i>Labour force, est. number</i> | 33.900 | 34.300 | 33.600 | 34.300 | 1.200 |
| Starfandi <i>Employed</i> | 30.500 | 30.600 | 26.300 | 27.000 | 1.500 |
| Atvinnulausir <i>Unemployed</i> | 3.500 | 3.700 | 7.400 | 7.300 | 1.200 |
| Í fullu starfi, áætl. fjöldi <i>Employed full-time, est. number</i> | 21.400 | 20.500 | 14.400 | 16.400 | 1.300 |
| Í hlutastarfi, áætl. fjöldi <i>Employed part time, est. number</i> | 9.000 | 10.100 | 11.800 | 10.600 | 1.300 |
| Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i> | 39,2 | 35,7 | 33,2 | 34,1 | 1,7 |
| Vinnutími í fullu starfi, klst. <i>Full-time hours of work</i> | 46,1 | 44,2 | 44,2 | 42,7 | 1,5 |
| Vinnutími í hlutastarfi, klst. <i>Part-time hours of work</i> | 20,9 | 18,9 | 18,9 | 19,4 | 2,1 |
| Utan vinnumarkaðar, áætl. fjöldi <i>Not in labour force, est. number</i> | 5.400 | 6.200 | 7.300 | 6.200 | 1.200 |
| Mannfjöldi 16–74 ára, áætl. fjöldi <i>Population 16–74 years, est. number</i> | 39.300 | 40.500 | 40.900 | 40.500 | • |
| 25–54 ára years | | | | | |
| Atvinnuþáttaka, % <i>Activity rate</i> | 91,6 | 90,6 | 89,0 | 89,8 | 1,4 |
| Hlutfall starfandi <i>Employment rate</i> | 90,1 | 89,3 | 82,8 | 84,1 | 1,7 |
| Atvinnuleysi, % <i>Unemployment rate</i> | 1,7 | 1,4 | 6,9 | 6,3 | 1,2 |
| Vinnufl, áætl. fjöldi <i>Labour force, est. number</i> | 118.700 | 119.800 | 117.600 | 115.900 | 1.800 |
| Starfandi <i>Employed</i> | 116.700 | 118.200 | 109.400 | 108.600 | 2.200 |
| Atvinnulausir <i>Unemployed</i> | 2.000 | 1.600 | 8.100 | 7.300 | 1.400 |
| Í fullu starfi, áætl. fjöldi <i>Employed full-time, est. number</i> | 96.100 | 101.200 | 91.700 | 89.300 | 2.100 |
| Í hlutastarfi, áætl. fjöldi <i>Employed part time, est. number</i> | 20.600 | 17.000 | 17.700 | 19.200 | 2.100 |
| Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i> | 43,1 | 44,9 | 41,6 | 42,0 | 0,8 |
| Vinnutími í fullu starfi, klst. <i>Full-time hours of work</i> | 46,7 | 47,7 | 44,5 | 45,1 | 0,9 |
| Vinnutími í hlutastarfi, klst. <i>Part-time hours of work</i> | 25,7 | 26,8 | 26,2 | 27,2 | 1,6 |
| Utan vinnumarkaðar, áætl. fjöldi <i>Not in labour force, est. number</i> | 10.900 | 12.500 | 14.600 | 13.200 | 1.800 |
| Mannfjöldi 16–74 ára, áætl. fjöldi <i>Population 16–74 years, est. number</i> | 129.600 | 132.300 | 132.100 | 129.100 | • |

Tafla 2. Atvinnupáttaka, atvinnuleysi og fjöldi starfandi á 2. ársfjórðungi (frh.)

Table 2. Employment and unemployment in 2nd quarter (cont.)

| | 2. ársfjórðungur 2nd quarter | | | | Öryggisbil CI 2010 |
|--|------------------------------|--------|--------|--------|-----------------------|
| | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | |
| 55–74 ára years | | | | | |
| Atvinnupáttaka, % Activity rate | 66,5 | 66,1 | 63,6 | 66,4 | 2,7 |
| Hlutfall starfandi Employment rate | 65,7 | 65,3 | 61,3 | 63,5 | 2,8 |
| Atvinnuleysi, % Unemployment rate | 1,3 | 1,1 | 3,7 | 4,4 | 1,7 |
| Vinnuáfl, áætl. fjöldi Labour force, est. number | 32.200 | 33.100 | 33.000 | 35.500 | 1.400 |
| Starfandi Employed | 31.800 | 32.700 | 31.800 | 33.900 | 1.500 |
| Atvinnulausir Unemployed | 400 | 400 | 1.200 | 1.600 | 600 |
| Í fullu starfi, áætl. fjöldi Employed full-time, est. number | 23.900 | 24.300 | 23.600 | 25.200 | 1.200 |
| Í hlutastarfi, áætl. fjöldi Employed part time, est. number | 7.800 | 8.500 | 8.200 | 8.700 | 1.200 |
| Heildarvinnutími, klst. Average hours of work | 41,4 | 41,3 | 39,6 | 39,4 | 1,4 |
| Vinnutími í fullu starfi, klst. Full-time hours of work | 46,4 | 46,6 | 44,3 | 44,1 | 1,5 |
| Vinnutími í hlutastarfi, klst. Part-time hours of work | 25,5 | 25,2 | 25,9 | 25,0 | 1,7 |
| Utan vinnumarkaðar, áætl. fjöldi Not in labour force, est. number | 16.200 | 17.000 | 18.800 | 17.900 | 1.400 |
| Mannfjöldi 16–74 ára, áætl. fjöldi Population 16–74 years, est. number | 48.400 | 50.100 | 51.800 | 53.400 | • |

Skýringar Notes: Hlutföll eru reiknuð af fjöldatölum áður en þær eru námundaðar að næsta hundraði. Percentage distribution is calculated before total figures are rounded to the closest hundred.

Tafla 3. Starfandi eftir starfshlutfalli á 2. ársfjórðungi

Table 3. Employed full time/part time in 2nd quarter

| Áætlaður fjöldi Estimated number | 2. ársfjórðungur 2nd quarter | | | | Öryggisbil CI 2010 |
|---|------------------------------|---------|---------|---------|-----------------------|
| | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | |
| Alls Total | | | | | |
| Starfandi, % Employed, % | 179.000 | 181.500 | 167.500 | 169.500 | 3.100 |
| Í fullu starfi, % Employed full-time, % | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | • |
| Í hlutastarfi, % Employed part-time, % | 79,1 | 80,4 | 77,5 | 77,2 | 1,6 |
| Í hlutastarfi, % Employed part-time, % | 20,9 | 19,6 | 22,5 | 22,8 | 1,6 |
| Karlar Males | | | | | |
| Starfandi, % Employed, % | 96.900 | 99.800 | 88.600 | 88.600 | 2.100 |
| Í fullu starfi, % Employed full-time, % | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | • |
| Í hlutastarfi, % Employed part-time, % | 91,8 | 91,2 | 87,9 | 87,7 | 1,8 |
| Í hlutastarfi, % Employed part-time, % | 8,2 | 8,8 | 12,1 | 12,3 | 1,8 |
| Konur Females | | | | | |
| Starfandi, % Employed, % | 82.100 | 81.700 | 78.900 | 80.900 | 2.300 |
| Í fullu starfi, % Employed full-time, % | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | • |
| Í hlutastarfi, % Employed part-time, % | 64,1 | 67,2 | 65,7 | 65,8 | 2,7 |
| Í hlutastarfi, % Employed part-time, % | 35,9 | 32,8 | 34,3 | 34,2 | 2,7 |

Skýringar Notes: Hlutföll eru reiknuð af fjöldatölum áður en þær eru námundaðar að næsta hundraði. Percentage distribution is calculated before total figures are rounded to the closest hundred.

Tafla 4. Atvinnuleysi eftir aldri á 2. ársfjórðungi
 Table 4. Unemployment rate by age groups in 2nd quarter

| Hlutfall Percent | 2. ársfjórðungur 2nd quarter | | | | Öryggisbil CI 2010 |
|-------------------|------------------------------|------------|------------|------------|-----------------------|
| | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | |
| Alls Total | 3,2 | 3,1 | 9,1 | 8,7 | 1,1 |
| 16–24 ára years | 10,2 | 10,8 | 21,9 | 21,3 | 3,5 |
| 25–54 ára years | 1,7 | 1,4 | 6,9 | 6,3 | 1,2 |
| 55–74 ára years | 1,3 | 1,1 | 3,7 | 4,4 | 1,7 |

Skýringar Notes: Hlutföll eru reiknuð af fjöldatölum áður en þær eru námundaðar að næsta hundraði. Percentage distribution is calculated before total figures are rounded to the closest hundred.

Hagtíðindi
 Statistical Series Laun, tekjur og vinnumarkaður
Wages, income and labour market

95. árg. • 49. tbl. 2010:10

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4495 (prentútgáfa print edition) • ISSN 1670-4509 (vefútgáfa PDF)

Verð kr. Price ISK 900 • € 7

Umsjón Supervision Lárus Blöndal • larus.blondal@hagstofa.is

Ólafur Már Sigurðsson • olafur.sigurdsson@hagstofa.is

Sími Telephone (+354) 528 1000

© Hagstofa Íslands Statistics Iceland • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími Fax (+354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. Please quote the source.

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series